



Félag vélstjóra og málmæknimanna

Alþingi
Nefnda- og greiningasvið
99. mál – breyting á ýmsum lögum vegna banns við hvalveiðum
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. október 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna banns við hvalveiðum

Félag vélstjóra og málmæknimanna þakkar fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint lagafrumvarp. Vel hefði farið á því að bjóða öðrum stéttarfélögum sjómanna sama tækifæri.

Félagið styður eindregið meginregluna um sjálfbæra nýtingu auðlinda í hafi, enda er sjálfbærni auðlinda grundvallarþáttur í velmegun lands og þjóðar til lengri tíma lítið. Félagið er þeirrar skoðunar að hvalveiðar séu þar engin undantekning, enda byggji veiðarnar á vísindalegri ráðgjöf og að lögum um velferð dýra sé framfylgt.

Hvalveiðar Íslendinga beinast einungis að stórum hvalastofnum sem eru í góðu ástandi. Eins og fram hefur komið, nú síðast í grein í Morgunblaðinu 6. október síðastliðinn á síðu 10, vita vísindamenn lítið um afrán hvala úr nytjastofnum við Íslandsstrendur, svo sem loðnu. VM er þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að huga að jafnvægi í lífríkinu þegar ákvarðanir um nýtingu stofna eru teknar.

Virðingarfyllt,

f.h. Félags vélstjóra og málmæknimanna


VM
530169-5299